



Sýn hf.

Starfskjaranefnd

Skýrsla til stjórnar

Petrea Ingileif Guðmundsóttir
Hjörleifur Pálsson



Skipun starfskjaranefndar Sýnar hf.

Í mars 2021 var starfskjaranefnd Sýnar skipuð:

- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, formaður
- Hjörleifur Pálsson, nefndarmaður

Hlutverk starfskjarnefndar

Nefndin skal halda fundi að lágmarki tvisvar sinnum á ári til að sinna hlutverki sínu. Haldnir skulu aukafundir telji formaður nefndarinnar þörf á því.

Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur og voru þær síðast staðfestar af stjórn félagsins þann 21. apríl 2021. Samkvæmt starfsreglunum hefur nefndin eftirfarandi hlutverk:

- Útbúa starfskjarastefnu félagsins og hafa eftirfylgni við hana.
- Tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni.
- Undirbúa tillögur til stjórnar varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda og lykilstjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess.
- Taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.

Verkefni starfskjarnefndar á starfsárinu

Starfskjaranefndin hélt á tímabilinu frá aðalfundi 2021 þrjú formlega fundi. Starfsárið var níunda heila ár félagsins á hlutabréfamarkaði og hefur nefndin nýtt sér það til að aðlaga enn frekar vinnu félagsins að þörfum markaðarins. Starfskjaranefnd félagsins leggur áherslu á að gagnsæi ríki um starfskjör hjá félaginu gagnvart hluthöfum þess og hefur horft til afstöðu hluthafa um gagnsæi.

Á aðalfundi sem haldinn var í mars 2020 voru gerðar nokkrar breytingar á starfskjarastefnunni. Stjórn er heimilt að umbuna forstjóra til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra greiðslna í reiðufé samkvæmt kaupaukakerfi sem félagið setur sér. Forstjóra er að sama skapi heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins um að umbuna öðrum æðstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra greiðslna í reiðufé samkvæmt kaupaukakerfi sem félagið setur sér. Hluthafafundurinn ákvarðaði að árangurstengdar greiðslur geti að hámarki numið fjögurra mánaða grunnlaunum hlutaðeigandi.





Starfskjarnefnd telur að breytingarnar sem gerðar voru á árinu 2020 hafi reynst vel og leggur ekki til frekari breytingar að þessu sinni. Þess í stað samþykkti nefndin, sem og stjórn félagsins, tillögur forstjóra að kaupaukafyrirkomulagi sem rúmast innan gildandi stefnu.

Áfram verður óheimilt að veita kaupauka í félaginu í formi afhendingar hluta, kaup- og/eða söluréttar, forkaupsréttar eða annars konar greiðslna sem tengjast hlutum í félaginu eða um framtíðarverðmæti slíkra hluta nema heimild til þess að gera samninga um slíkt hafi verið borin undir hluthafafund. Ekki er heimild í samþykktum félagsins til útgáfu hlutafjár fyrir kauprétti og er því ekki gert ráð fyrir greiðslum til starfsmanna með afhendingu hluta, hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lífeyrissamningum og starfslokasamninga.

Í samræmi við þá ákvörðun nefndarinnar að framsetning á launum forstjóra og framkvæmdastjóra verði með skýrari hætti þar sem grunnlaun og kaupaukar komi betur fram, er hér að neðan að finna tölulegar upplýsingar um launamál á árunum 2020 og 2021:

Laun og eignarhald stjórnar og lykilstjórnenda

Laun stjórnenda skiptast á eftirfarandi hátt í föst og breytileg starfskjör, án launatengdra gjalda.	2021 Föst kjör	2021 Breytileg kjör	2020 Föst kjör	2020 Breytileg kjör	Fjöldi virkra hluta árslok 2021
Stjórn:					
Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður	8,5	-	7,9	-	250.000
Tanya Zharov, varaformaður	5,5	-	4,7	-	-
Páll Óskar Gíslason, stjórnarm.	3,6	-	-	-	-
Petrea I. Guðmundsdóttir, stjórnarm.	5,0	-	3,8	-	-
Sigríður Vala Halldórsdóttir, stjórnarm.	4,1	-	4,5	-	-
Óli Rúnar Jónsson, varamaður	-	-	1,1	-	-
Hilmar Þór Kristinsson, fyrrv. stjórnarm.	0,7	-	2,9	-	-
Anna Guðný Aradóttir, fyrrv. stjórnarm.	-	-	1,4	-	-
Samtals	27,4	-	26,3	-	
Lykilstjórnendur:					
Heiðar Guðjónsson, forstjóri	54,5	9,2	42,2	-	27.147.128
Framkvæmdastjórnar	159,0	35,3	178,0	-	104.000
Samtals	213,5	44,5	220,2	-	

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutir maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Önnur viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur eru óveruleg. Skilmálar og skilyrði viðskipta við stjórn og lykilstjórnendur eru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila.

Þessi skýrsla starfskjaranefndar var lögð fyrir og samþykkt af stjórn þann 16. febrúar 2022

